



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Tjörn

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	6
3	Umbótaáætlun 2024-2025	10
4	Umbótaáætlun 2024-2025 Miðhús (yngri deild).....	17
5	Umbótaáætlun 2024-2025 Miðhús (yngri deild).....	17
	Innra mat Melhúss 2024-2025	18
6	Umbótaáætlun 2024-2025	21
7	Umbótaráætlun	25
	Þann 9. október / Skólinn skoðaður; börnin fá leiðsögn um skólann	30
	Þann 8. janúar / Sögustund og lestrarstund á bókasafni, í litlum hópum	30
	Þann 20. mars / Í vali með 1.bekk	30
	Þann 8. maí / Samsöngur í sal.	30
8	Foreldrasamvinna.....	31
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	31
10	Fylgiskjöl	31





1 Greinargerð leikskólastjóra

Í Tjörn er lögð áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í kærleiksríku umhverfi. Börnin eru hvött til þess að setja orð á tilfinningar. Þau setja sér sjálf markmið og meta sitt eigið nám/færni. Þau eru hvött til sjálfshjálpar eins og að klæða sig sjálf og ganga frá eftir sig, það er mikilvægt að þau fái hlutverk í daglegu starfi. Börnunum er treyst til þess að hafa áhrif á skipulagningu starfsins og hlustað er á skoðanir þeirra. Viðfangsefnin eru krefjandi en taka mið af færni hvers barns. Viðhorf starfsfólks til barna er að þau séu sterk og getumikil og meðvitað er unnið með styrkleika þeirra. Starfsfólk styður við börnin þegar þau takast á við nýjar áskoranir.

Meginmarkmið Tjarnar er að þegar börnin útskrifast frá Tjörn verði þau með sterka sjálfsmynd og tilbúin að standa með sjálfum sér.

Fyrir nokkrum árum fórum við í gegnum ytra mat Menntamálstofnunar. Útkoman er vægast sagt stórgóð, við komum út sem gæðaskóli í öllum þeim þáttum sem metnir voru. Sjá skýrslu :

https://mms.is/sites/mms.is/files/tjorn_lokaskyrsla.pdf Í öllu skólastarfi eru tækifæri og við erum þar alls engin undantekning, enda viljum við vera í stöðugri þróun og gera betur í dag en í gær. Helsta áskorunin er að vinna meira saman á milli húsanna tveggja. Við viljum reyna bæta úr því með að setja inn í umbótaáætlun áskorun þess eðlis að elstu börnin í sitthvoru húsinu vinni saman að verkefni sem tengist náttúrufræði. Við höfum nú þegar hafist handa með því að skipa verkefnastjóra sem heldur utan um gróðurhús sem er risið á lóð Tjarnarborgar, börn frá báðum starfsstöðum sá fræjum og rækta garðinn sinn á þeirri starfsstöð, undir handleiðslu verkefnastjóra. Miklar framkvæmdir hafa verið Tjarnarborgar megin, enn þá vantar upp á góða hljóðvist í því húsi, Öldukots megin er hljóðvistin góð. Lóðin við Tjarnarborg hefur verið tekin í gegn og verkið vel heppnað. Við Öldukotið er framkvæmdir enn í vinnslu, við teljum gríðarlega mikilvægt að farið sé strax af stað í ljósi þess hversu hversu mikil menningarveðmæti eru í húsinu og að jafnvægi sé milli húsa.

Farið var fram á fækkun barna í skólanum vegna sérstakra kringumstæðna; það hefur verið samþykkt, næsta haust verða 70 börn í leik og námi í stað 82.

Árleg foreldrakönnun kom vel út fyrir Tjörn, við erum vel yfir meðaltal í flestum þáttum. Foreldrar treysta okkur og eru ánægð með starfið í skólanum. Tækifæri til umbóta felst í liðnum, þátttaka foreldra í uppeldisstarfi. Við höfum verið með allskonar viðburði með foreldrum og þátttaka hefur verið mjög góð, en við þurfum að hvetja foreldra enn frekar til þess að koma með hugmyndir inn í okkar faglega starf. Það getum við t.d. gert í fyrstu foreldraviðtölum sem fara fram í haust.





Okkar helsta áskorun í árlegri starfsmannakönnun er að hvetja fleiri til þess að taka þátt í könnunninni svo hún verði marktækari, það voru aðeins ellefu starfsmenn af tuttugu og tveimur sem tóku þátt. Það sem ber hæst er að starfsmenn eru stoltir af sínu starfi og starfsánægja er mikil. Við þurfum að rýna í og velta fyrir okkur jafnréttismálum. Það verður áhugavert að skoða þann þátt vel og vandlega, á komandi hausti.

Ég þakka stjórn foreldrafélagsins og öllu starfsfólki Tjarnar fyrir frábært starf á síðasta ári. Ég hlakka til þess að læra meira í dag en í gær með með nemendum, foreldrum og starfsfólki Tjarnar.

Hulda Ásgeirsdóttir Leikskólastjóri





Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Á reglulegum fagfundum, starfsdögum og barnafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn, börn, foreldrar í foreldraviðtölum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar – Mikil festa í faglegu starfi á báðum starfsstöðum – Tækifæri til umbóta er meiri samvinna á milli húsa. Elstu börnin velja mismunandi starfsstöðvar á milli húsa einu sinni í mánuði. Byrjum í okt. og endurmetum í jan. 2026

Ytra mat

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannakönnun - Foreldrakönnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar og starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar; foreldrar treysta vel kennurum og eru ánægðir með starfið. Tækifæri; kynna enn betur okkar faglega starf og vitna í gögn sem við notum og rannsókna. Við ætlum að vera með öll gögn þ.e. matstæki/lista í næstu foreldraviðtöl og samræma viðtölin betur á milli húsa. Hvað varðar starfsmannakönnun þurfum við að rýna í jafnrétti og hvaða merkingu fólk leggur í hugtakið. Við ætlum að vinna í hópum á starfsdögum. Við ætlum að hvetja hvern og einn til þess að taka þátt í næstu könnun. Styrkleikar starfsmenn eru stoltir og mikil starfsánægja.





2 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	
Umbótapáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Við ætlum að vinna meira saman með börnin á milli starfstöðva. Deildarstjórar í báðum húsum fundi einu sinni í mánuði. Samræma vinnubrögð á milli húsa.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að börn í báðum húsum þekki vel hvort annað, áður en þau fara saman í grunnskóla. Deildarstjórar beri saman bækur sínar og deili hugmyndum á milli húsa og noti t.d. sömu hugtök; Eins og t.d. annars vegar er notað orðið stöðvavinna og hins vega verkstæðisvinna. Mismunandi á milli húsa,
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Tilgeindur kennari mun fylgja eftir þeim börnum sem velja að fara í vinnustund á milli húsa. Skólastjóri skipuleggur tíma og rými til þess að hægt sé að funda saman. Nú þegar er hafin kosning um nýtt hugtak, í stað tveggja ; Stöðvainna/Verkstæðisvinna – Nýtt orð ætti að fæðast í des 2025
Ábyrgð	Leikskólastjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá september 2025 til júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rýnihópar – Fag - Fundir – Viðtöl við börnin – Kosningar meðal barna og kennara.



Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði

Gátlistar Menntastefnunnar – Skýrsla frá ytra mati á vegum Miðstöð menntunar og skólabjónustu.

Innra mat

Haustið á Læk; börn frá 2 til 4 ára, hófst með venjubundnum hætti og samhentur og rótgróinn hópur kennara tók á móti 14 nýjum börnum (af 16 á deildinni), sem öll voru aðlöguð upp úr byrjun október. Um vorið höfðu börnin sett niður kartöflur og nýju börnin gengu því vasklega til verks strax um haustið og rifu upp myndarleg kartöflugrös.

Samkvæmt starfsáætlun síðasta árs var lagt upp með að vinna með hæglæti. Við settum jóga og núvitund í fyrsta sætið og öll börn fóru í jóga og slökunartíma í hópastarfi fyrstu vikunnar. Þegar næsta þema tók við þá var jóga fléttað inn í aðrar stundir – við tókum sérstaklega eftir því hvað það hafði góð áhrif á barnahópinn þegar þau gátu kjarnað sig og gert nokkrar öndunaræfingar áður en hópastarfið hófst. Einnig var frjálsa leiknum gefið aukið andrými, ef vel gekk í hlutverkakrök þá fékk sá hópur að lengja tímann fram að útivistinni – það fyrirkomulag gekk nokkuð vel, minna rót og meiri kyrrð.

Foreldrum var boðið á upplýsingafund í október og fengu kynningu á námsefninu. Á þeim fundi fengu þau verkefni sem er að teikna fjölskylduna sína, þetta er orðin hefð á Tjarnarborg og afraksturinn fer upp á vegg börnunum til mikillar kátínu. Einn af hornsteinunum í okkar starfi er einmitt gott foreldrasamstarf og er þetta liður í því. Foreldrar fengu vikulegt fréttabréf sem var iðulega ríkulegt af myndum frá starfinu inni á deild, verkstæðisvinnu, útivist og vettvangsferðum. Einnig var minnst á hvaða málhljóð var verið að æfa í Lubba svo að foreldrar gætu verið með á nótunum heima við.



Styrkleikar ; Myndlist var tekin föstum tókum um haustið og myndlistarkennarar í hópnum fóru í gegnum hinar ýmsu aðferðir í listakrók, litahringinn og litablöndun. Með tíðum ferðum niður í listakrók urðu elstu börnin á deildinni fær um að setja upp prentstöð og vinna að verkefni án aðstoðar frá kennurum. Litið var sérstaklega til einkunnarorða skólans; Frumkvæði, vinátta og gleði, og mátti greinlega merkja að sköpunarkrafturinn fékk lausan taum og glatt var í listakrók hjá félögum á Læk. Afraksturinn prýddi vegg skólans á báðum hæðum.



Vikulegar vettvangsferðir voru á dagskrá hjá tveimur elstu árgöngunum á Læk, en einhverjar féllu niður vegna veðurs í lok árs. Það var heldur betur bætt úr því á nýju ári og ferðar í Hallgrímskirkju, listasöfnin, bókasafnið, Tanngarð og ferðir heim til barnanna tóku við um vorið.



Sérstakar málörvunarstundir voru tvisvar í viku og nýttum við námsgagnið, Lubbi finnur málbein' meðal annars í þeim stundum. Tónstafirnir eru alltaf vinsælir og ýmis konar ný samveruspjöld með rími og leikjum auðguðu þær stundir.

Snemma í haustinu breyttum við fyrirkomulaginu í nónhressingunni (eins og við höfum gert síðustu vetur) og börnin komu fram úr sögu- og samverustund í litlum hópum og skömmtuðu sér sjálf við borð í þeirra hæð. Með þessu skipulagi fjaraði hlutverk umsjónafólks út sem hafði áður umsjón með að leggja á borð og samverustundirnar urðu afslappaðri og svo leystist hún upp í leikstund þegar allir höfðu fengið sér bita. Við munum þó halda áfram næsta vetur með umsjónafólk, en með breyttu hlutverki, hafa umsjón með fataklefa og frágang úti í garði.

Ný starfsstöð opnaði um áramótin í leikskólanum, gróðurhúsið okkar, en verkefnastjóri gróðurhússins fékk börnin með sér í litlum hópum til þess að innrétta húsið, það þurfti að bera inn hillur, blómapotta, verkfæri og mold. Setja þurfti saman vinnuborð og kolla – allt efni fengið úr grenndarskógi. Það var svo í lok janúar sem sáningin byrjaði, en börnin settu niður sólblómafræ, tómatafræ, skjaldfléttufræ og ýmsar kryddjurtir – forræktunin fór fram innan veggja leikskólans og þegar fór að vora þá ferjuðu börnin alla græðlingana út í gróðurhús. Undir maílok voru svo settar niður kartöflur í útikerin í garðinum sem og káljurtir. Á örskömmum tíma breyttist glerhúsið í garðinum í undraveröld, stór og tilkomumikil sólblóm, tómátplötur og spjaldfléttur þekja nú veggj og loft gróðurhússins, húsið var nýtt sem verkstæði í verkstæðisvinnunni og börnin hafa aðgengi í húsinu í útivistinni. Þar koma þau gjarnan inn til að vökva, umpotta eða fletta í bókum eða vinna við vinnuborðið, sannkölluð 'vin' í garðinum okkar og ekki skemmir þéttur miðjarðarhafsilmurinn.



Um vorið áskotnaðist okkur dágóður sarpur af bókum á rafrænu formi, við tókum því upp gamlan þráð og höfðum bókabíó vikulega í hádegissamveru.



Í umbótaáætlun síðasta vetur lögðum við upp með að bjóða foreldrum til meiri þátttöku í starfinu. Hugmyndin var að bjóða þeim að koma og lesa t.d. í bókabíóinu hjá okkur, en þar sem það rétti gott andrúmsloft og foreldrar dvöldu oft lengi við í byrjun og- eða lok dags, auk foreldrakaffimorgna þá fundum við að það var ekki eitthvað sem lá á þennan vetur. En við munum huga betur að því næsta vetur, enda með góðan sarp af bókabíói. Hæglæti var annar þáttur sem unnið var með og má segja að það hafi tekist vel, börnin fengu góðan tíma bæði fyrir og eftir morgunverð. Skipulögðum stundum í hópastarfi var fækkað og unnið var með hugmyndir líðandi stundar, oftast en ekki kveikjur frá börnunum. Sumir góðir hlutir gerast hægt og þannig var það einmitt með þriðja þáttinn, umhverfismennt og ræktun. Ræktun hefur verið við lýði í húsi til fjölda ára, en þennan vetur var bætt um betur með tilkomu gróðurhússins. Kennarar höfðu orð á því að hljóðvistin hefði einnig skánað, enda gluggakistur að svigna undan grænum blómum og jurtum. Blómin voru einnig uppspretta að allskyns verkefnum og rétti hér á tímabili mikið blómaæði í fjölbreyttri sköpun.

3 Umbótaáætlun 2024-2025

Lækur 2-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t. s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hæglæti innan dagskipulagsins og afmörkuð svæði innan deildar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin hafi góðan tíma í frjálsum leik um leið og þau mæta og í öðrum stundum dagsins
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að leiksvæði séu betur afmörkuð – elstu börnin hjálpa starfsfólki að finna út hversu margir rúmast á svæðum
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og í samveru með börnum

Lækur 2-4 ára





Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Jóga og núvitund
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að öll börn nái að kjarna sig vel í upphafi skólaárs og fari í jóga tíma og núvitundarslökun
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að jóga kennari hafi hjálpargögn eins og jóga spil, fari með litla hóp í markvisst starf og hafi tíma til að undirbúa tímana vel.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal á deildarfundum og myndaskráning (dýrapóst, skráning í möppuna þeirra).

Lækur 2-4 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur(t. s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Umhverfismennt, ræktun og endurvinnsla.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að öll börn komi að kryddjurtaræktun innandyrna og skoði hringrásina.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Aðgengi að fræjum/laukum og mold í upphafi skólaárs. Að flokkunarílát séu fleiri og aðgengilegri fyrir börnin





Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal á deildarfundum og í samveru með börnunum. Ljósmyndaskráning.

Lækur 2-4 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur(t. s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvunarstundir meðal annars með námsgagninu , Lubbi finnur málbein'.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að málörvunarstundir verði gæðastundir í síðdegissamveru. Halda betur utan um hver er ,Lubbastjóri' með því að skrá í bók. Að þessar stundir séu sérstaklega skemmtilegar. Að foreldrar séu meðvitaðir um hvaða málhljóð er verið að vinna með.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að allt starfsfólk geti séð um málörvunarstundir og hafi kynnt sér Lubba meðal annars í undirbúningstíma. Hafa sýnilegt í fataklefa á upplýsingatöflu hvaða málhljóð er verið að vinna með hverju sinni sem og í fréttabréfi. Nota fleiri Lubba-verkfæri sem eru til staðar í húsinu og/eða útbúa þau.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal á deildarfundum og ræða við börnin í samveru.

Innra mat Miðhúss 2024 - 2025

Haustið

Við sumarlok færast iðulega breytingar yfir starfið í Miðhúsi með nýjum börnum í húsi og elstu börn deildarinnar færast á eldri deild. Aðlögun gekk mjög vel þetta haustið en níu börn byrjuðu á deildinni. Eitt af einkennum leikskólans hefur verið mikil festa í starfsmannahópnum í gegnum árin. Í byrjun haustsins fór deildarstjóri deildarinnar í veikindaleyfi og annar reyndur starfsmaður fór í annað starf. Þar með þurfti að ráða inn tvo nýja starfsmenn á deildina með litla sem enga reynslu af leikskólastarfi. Einnig var mikið um veikindi starfsmanna sem litaðist út í starf deildarinnar.

Frjálsi leikurinn

Einn af hornsteinum deildarinnar er frjálsi leikurinn og var allt starfsfólk sammála því að standa vörð um hann. Í september til áramóta vorum við með meiri áherslu á frjálsa leikinn heldur en skipulagðar stundir. Það reyndist vel fyrir barnahópin. Þau fengu tíma og rúm til að kynnast, takast á við ýmsar félagslegar áskoranir eins og betri samskipti sín á milli, æfðu sig í að verða lausnarmiðuð og tjá tilfinningar sínar. Allt starfsfólk var meðvitað að brjóta ekki upp leikinn heldur leyfa honum að flæða.





Tónlistarstundir og stöðvavinna

Fastir liðir í okkar starfi sem við höldum inni í allan vetur var stöðvavinna og tónlistarstundir. Börnin sýna hvoru tveggja mikinn áhuga. Við höfum aukið lýðræði þar sem við byggjum stundirnar og stöðvavinnuna á hugmyndum barnanna. Heyrst hefur hjá börnunum að þegar stöðvavinna er væru það skemmtilegustu dagarnir sem er vel.



Hefðir

Starfið í Öldukoti byggir á ýmsum hefðum. Undanfarin ár hafa foreldrar komið eitt kvöld í desember og skreytt skólann. Mjög góð mæting var hjá foreldrum og skapaðist skemmtileg stemning. Við viljum halda þessari hefð inni þar sem þetta býr til öðruvísi vettvang fyrir foreldra til að kynna og vinna saman að einhverju. Viðbrögð barnanna daginn eftir voru ekki síður skemmtileg og gaman fyrir þau að sjá skólann í nýju ljósi. Skreytingakvöldið er haldið af foreldrafélaginu með aðstoð kennara. Foreldrafélagið hefur einnig síðustu ár staðið fyrir jólaballi í Ráðhúsi Reykjavíkur. Ballið hefur farið fram um helgi. Við í Öldukoti höfum þó haldið áfram að vera með okkar litla jólaball í salnum okkar fyrir börnin og heppnaðist það einkar vel, líkt og síðustu ár. Á Bóndadag var afa og ömmukaffi þar sem var frábær mæting. Vorsýning og útskrift elstu barnanna er síðan hápunktur starfsins og mættu foreldrar og aðrir aðstandendur og tóku þátt í gleðinni með okkur. Við viljum halda áfram góðu samstarfi við foreldra og halda inni góðum hefðum í okkar starfi.



Straumar og stefnur

Við búum lengi að samstarfi okkar við Rannung við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur. Við leggjum mikla áherslu á sjálfsefningu í okkar starfi og erum alltaf að koma lýðræði meira inn í starfið. Börnin ganga til kosninga reglulega og koma að ákvarðanatöku varðandi starfið.

Styrkleikar

Samstarf milli Melhúss og Miðhúss hefur verið mikil á þessu skólaári sem er styrkleikur okkar. Góð samskipti og jákvæðni starfsfólks hefur leitt til þess að komið hefur í veg fyrir að veikindi starfsmanna hafi haft mikil áhrif á starfsemi skólans. Einnig hefur þetta aukið samheldnina í starfsmannahópnum.

Áskoranir og breytingar

Helstu áskoranir vetrarins voru breytingar í starfsmannahópnum. Þar sem deildarstjóri fór í veikindaleyfi hljóp aðstoðarskólastjóri í skarðið tímabundið. Erfitt var að halda uppi dagskipulaginu eins og hefur tíðkast með hópastarfi og fleiru sérstaklega fyrir áramót vegna mikilla veikinda nýrra starfsmanna. En á nýju ári fóru hlutirnir að gerast hægt og rólega þar sem starfsmenn öðluðust meira öryggi. Sú nýbreytni var gerð að boðið var upp á tvö viðtöl við kennara í stað eins, annars vegar í nóvember og hins vegar í mars. Þarna gefst tækifæri til að ræða við kennara deildarinnar um líðan barnsins í skólanum.

Mat á umbótarþáttum 2023-2024 Umbótaáætlun síðasta vors 2024 tengdist útiveru þar sem tveir þættir voru valdir til umbóta.

Þeir þættir voru: *Að auka sjálfstæði barnanna í garðinum. Kenna þeim einfalda útileiki sem þau geta sjálf gripið í*





að fá inn náttúrulegri efnivið í útiveruna, t.d. köngla, trjástofna, tréplatna o.s.frv.

Því miður náðist hvorugt þessara markmiða sem voru sett upp fyrir þetta árið þar sem deildarstjóri fór óvænt í veikindaleyfi því tókst ekki að halda utan um áætlunina að þess sinni.

Tækifæri til umbóta eru að við munum reyna að halda áfram þeirri vinnu sem snýr að náttúru og nánasta umhverfi barnanna og koma inn skemmtilegu verkefni sem tengjast því að fara með börnin í göngutúr þar sem þau taka ljósmyndir af því sem vekur áhuga þeirra í mismunandi árstíðum.

Í þessum gönguferðum býðst tækifæri að nýta þann efnivið sem vekur áhuga barnanna.

Lokaorð

Við lærum svo lengi sem við lifum og hefur þessi síðastliðni vetur gefið okkur innsýn í það sem margir leikskólar ganga í gegn um á haustin, nýtt fólk, töluvert um veikindi á nýju starfsfólki, veikindaleyfi á eldri starfsmönnum og einhverjir að minnka við sig vinnuhlutfall. Starfsfólk þurfti því tíma til að takast á við breytt fyrirkomulag á vinnutímum og miklar breytingar í starfsmannahópnum. Það er nauðsynlegt að allt starfsfólk fái tíma og rúm til að ræða starfið saman, markmið okkar og sýn á deildarfundum. Það tókst að halda þeim fundum eins og hægt var miðað við aðstæður. Það reyndi á starfsmannahópinn sem stóð þétt saman og allir reiðubúnir að hjálpast að. Fyrir það erum við þakklát 😊 Við höldum ótrauð áfram veginn og hlökkum til næsta vetrar.

Hulda Marinósdóttir Deildarstjóri

Margrét Sverrisdóttir Deildarstjóri





4 Umbótaáætlun 2024-2025 Miðhús (yngri deild)

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t. s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Vekja áhuga barnanna á breytileika árstíðarinnar í náttúrunni.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vinna með árstíðir þar sem börnin taka ljósmyndir af því sem vekur áhuga þeirra í umhverfinu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gönguferð um nánasta umhverfi 1x í mánuði með elsta hópnum og taka myndir í því sem vekur áhuga þeirra
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í október og fram að sumri 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar með ljósmyndunum og viðtöl við barnahópinn. Á deildarfundum munu starfsmenn fara saman yfir verkefnið og ígrunda saman.

5 Umbótaáætlun 2024-2025 Miðhús (yngri deild)

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t. s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Auka áherslur á ferilmöppur barnanna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka fjölbreytni á verkum, opnum spurningum til barnanna og ljósmyndaskráningum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Einn ákveðinn starfsmaður hefur yfirumsjón og deilir verkefnum á aðra starfsmenn deildarinnar
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2025 og fram á sumar 2026



Hvenær og hvernig á að meta?

Hvaða aðferðir á að nota við matið

(t.d. könnun, rýnihópur, fundir,
viðtal við börn)

Deildarfundir verða nýttir til samráðs eftir þörfum

Innra mat Melhúss 2024-2025

Aðlögun í Melhúsi hófst haustið 2024 þegar elstu börnin höfðu kvatt okkur. Samtals komu fimm ný börn í Melhús, en annars kom allur 2020 árgangurinn upp til okkar úr Miðhúsi. Á hverju hausti eru börnin „göldruð“ í hópa eftir hvenær eru þau eru fædd. 2019 börnin verða að stjörnum og 2020 börnin breyttust í sjóræningja. Galdrastundin er fastur liður sem vekur mikla lukku, en í ár fór hann fram í Október frekar en September.



Það er venja að elstu börnin fari í allskonar ferðir yfir skólaárið og við reyndum að nýta okkur flest tilboðin í ár. Hins vegar voru mögulega færri ferðir í ár vegna þess að það var erfiður hópur. Það voru nokkur börn sem voru einstaklega uppátækjasöm og þurfti því alltaf að hafa tvo starfsmenn til þess að fara með þeim. Ferðir voru þá skipulagðar á dögum þar sem flestir voru í húsi, en í Mars fór einn starfsmaður í veikindaleyfi og þá minnkaði ferðunum.

Samstarf milli Melhúss og Miðhúss hefur verið mikil á þessu skólaári. Þegar það hefur vantað hafa starfsmenn farið á milli

deilda án vandræða sem hefur komið í veg að veikindi starfsmanna hafi mikil áhrif á starfsemi skólans.

Mat á umbótarþáttum 2023-2024



Umbótaráætlunin sem gerð var vor 2024 var metnaðarfull, þar sem voru fimm þættir valdir til umbóta. Þessi þættir eru: *umsjónarmenn*, *sjálfsefning/sköpun*, *frjálsi leikurinn*, *fataklefi/sjálfsefning*, og *Lubba stundir*. Rætt verður um hvern þátt og hvernig það gekk.

Umsjónarmenn

Við vildum byrja aftur með umsjónarmenn í Melhús. Við tókum aftur upp á því síðasta skólaári en vildum styrkja það á skólaárinu 2024-2025. Við vildum að börnin fengu aukna ábyrgð og tæku þátt í daglega starfinu. Viðmiðin um árangur var að þetta væri eftirsóknarvert og gangi vel.

Umsjónarmenn fóru ekki í gang fyrr en í Febrúar. Þetta gekk vel og börnin eru oftast spennt fyrir að það sé komið að þeim. Þau kunna verklagið núna í lok skólaárs og þetta tekur ekki of langan tíma. Þau eru stolt af sjálfum sér og njóta þess að bjóða til borðs þegar það er komið að matartímanum. Þau læra líka að hugsa út í það hvort það sé einhvern sem vantar, og að sjá hvort það sé rétt magn af borðbúnað.

Tækifæri til umbóta væri að koma þessu í gang fyrr á skólaárinu, enda vorum við sein að því í ár 😊
Hafa kannski myndir af þeim sem eru umsjónarmenn vikunnar, frekar en að skrifa bara nöfnin þeirra.

Sjálfsefning/sköpun

Aðgengi að sumum hlutum, eins og vatnslitum, vatnskrukkum, lími og skærum, var takmarkað áður og í umbótaráætluninni frá 2023-2024 var lagt til að við myndum bæta aðgengi að þessum hlutum. Við vildum með því gera það að verkum að börnin gætu nálgast þetta á sínum forsendum.



Við byrjuðum skólaárið á að hafa alla þessa hluti aðgengilega og það gekk vel. Stundum vildu krakkarnir grípa í vatnslitina og var það sérstaklega spennandi í byrjun á skólaárinu. Hins vegar þurftum við að taka frá límið þar sem nokkur börn notuðu það annaðhvort óhóflega mikið, eða notuðu það til þess að líma á vegginn. Einnig gerðum við tússliti aðgengilegri á deildinni sem var mjög



vinsælt. **Tækifæri til umbóta.** Næst munum við stýra aðgengi að lími og kannski setja það fram eftir að krakkarnir vita og skilja að það er ekki í boði að líma mjög mikið, eða nota límið til þess að hengja upp á vegg. En annars eru starfsmenn sammála um að það sé skemmtilegt að auka aðgengi svona og



að börnin grípa oftast til vatnslita eftir að við færðum þá á sýnilegri stað.

Frjálsi leikurinn

Hópurinn á skólaárinu á undan var strembin og upplifðu kennarar að það vantaði betra utan umhald um frjálsa leikinn í daglegu starfi. Við vildum nýta húsið betur svo að krakkar geta fengið að leika sér án þess að áreiti yrðu of

mikil, og við vildum æfa samskipti og leikgleði.

Á þessu skólaári náðum við góðum tókum á frjálsa leiknum. Með reglulegum deildarfundum gátum við farið yfir og fundið út úr því hvað virkaði best, og hvernig við vildum bregðast við þegar að frjálsi leikurinn færi úr böndum. Atvikum þar sem einhver meiddi sig eða leið illa út af slæmum leik fækkaði.

Einnig hvöttum við börn til að reyna að leysa vanda sjálf. Ef þau komu til okkar með ágreining þá spurðum við þau fyrst hvort þau sögðu eitthvað við hina, ef ekki þá hvöttum við þau til að láta reyna á það en við vorum þeim við hlið ef þess þurfti.

Tækifæri til umbóta. Hægt væri að vinna með þetta áfram og styrkja börn í deilulausn, koma orði á tilfinningar og ýmsa aðra hluti sem geta leitt til betri tilfinningastjórnun sem er stór hluti af því að minnka ágreining.

Fataklefi/sjálfsfelling

Við vildum styrkja börnin í sjálfsfellingu og var hluti af því að gera fataklefann aðgengilegri fyrir þau. Markmiðið var að bæta umgengi og aðgengi fyrri börnin að aukafötum sínum og styrkja þau í að sjá um sig sjálf. Við settum upp kerfi þar sem að hvert barn á sér box með aukafötum. Á mánudögum eiga þessi box að fara niður undir bekkina, þar sem að börnin geta gengið í þau án aðstoðar, og um helgar eiga boxin að fara upp á hillu þannig að hægt væri að þrifa fataklefann um helgina, og við báðum foreldra um að passa upp á þetta. Við kynntum þetta kerfi fyrir foreldra snemma á árinu, bæði með samtölum og einnig með tölvupóst.



Þetta gekk hins vegar ekki nógu vel. Ítrekað þurftum við að aðstoða börnin við að ná í boxin, og oft gleymdist að ganga frá boxunum á föstudögum. Hins vegar voru sumir með þetta á hreinu og

það var augljós ávinningur af þessu kerfi: börnin fóru sjálf að leita af aukafötunum sínum þegar þeim vantaði.

Tækifæri til umbóta. Næst mun það vera meiri áhersla á umgengni í fataklefanum á foreldrafundinum að hausti til. Þetta verður gert myndrænt til að einfalda það sem mest. Við munum leggja áherslu á hversu gott þetta verður fyrir krakkana og hvernig þau verða sjálfstæðari og sjálfsöruggari.

Lubba - Stundir

Lubbi finnur málbein er skemmtilegt leið til að kynnst máhljóðunum sem hjálpar börnum að öðlast góða hljóðvitund. Við vildum byrja markvisst á þeim aftur og setja málbein vikunnar upp 2 vikur í senn.

Það var einn starfsmaður sem hafði farið á námskeið og sá hún um þetta að mestu leyti. Hins vegar fundum við fyrir því að við náðum ekki að halda í við þetta þegar hún var í burtu, og þegar hún fór í veikindaleyfi datt þetta út að mestu leyti. En þegar þetta var tókum við eftir því að mörg börn voru öflug að tileinka sér máhljóðin svo að það var greinilegt að þetta bar árangur.

Tækifæri til umbóta. Við ætlum að vinna með Lubba á næsta ári. Einn starfsmaður mun bera ábyrgð á því en aðrir á deildinni munu taka meiri þátt í verkefninu. Einnig gæti verið gott ef að einhver á deildinni fer á Lubba námskeið, til þess að læra betur inn á þetta frábæra tól.

6 Umbótaáætlun 2024-2025

Melhús/3-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t. s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis- og menntastarf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Meiri áhersla á læsi, auka áhuga barnanna á lestri





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nota Lubba meira – skipuleggja betur og fá einn starfsmann til að bera ábyrgð (en allir taka þátt) Bóklúbbur (börn koma með bækur 1x í viku) Bókaormur (gera spennandi að lesa bækur)
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – Maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundir starfsmanna, mánaðarlega og sjá hvernig þeim finnst ganga Byrjun skólaárs athuga með minnisgeymd barna – skoða aftur í des og síðan í maí

Melhús/3-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t. s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	umgengni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að fataklefinn sé snyrtilegur, með gott aðgengi fyrir börnin til að komast í sín föt
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Sterkari áhersla á þetta á foreldrafundi. Hafa skýr viðmið um hvað við viljum.
Ábyrgð	Deildarstjóri, starfsmenn og foreldrar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Meta sjónrænt, mögulega funda með börnum





Tjörn börn frá 4 til 6 ára ; Styrkleikar ;

Hlutverkaleikurinn er sterkur en við viljum standa vörð um hann. Við viljum passa að börnin fái tíma, rými og næði til þess að þróa hann áfram. Við viljum að hann haldi áfram að blómstra í takt við hæglætið sem einkennir skólastarfið á Tjörn – enda kemur hlutverkaleikurinn inn á alla þroska þætti sem við erum að vinna með. Við viljum gefa börnum tækifæri á að fara niður í sal eða í hlutverkakrók áður en samvera hefst. Skipta hópnum á milli hæða svo börnin fái sem best notið sín. Halda áfram að bjóða upp á valstundir á morgnana þrisvar í viku. Við styðjum við hlutverkaleik með því að gefa börnum tækifæri til þess að þróa hann enn frekar með því að bjóða börnunum að skilja við leiksvæðið óhreyft þegar farið er í samverustund t.d. Þau biðja oft um að fá að halda áfram leiknum eftir samverustund sem er í góðu lagi. Þá fá þau forgang í val á því svæði. Þannig tryggjum við að leikurinn eigi sér framhaldslíf en að ekki þurfti að taka allt saman og byrja frá upp á nýtt þegar nú þegar hefur verið lagt mikið í leikinn.

Í sumar höfum við verið að færa „innidót“ út þar sem við notum garðinn mikið vegna blíðviðris. Börnin fá þá að taka út með sér dúkkudót, kerrur, dúkkuföt en um daginn buðum við upp á þvottastöð en þá gátu börnin þvegið dúkkufatnað í þvottaböllum og hengt upp á snúrur. Einnig hafa börnin tekið með sér

Sjálfsefling:

Við munum halda áfram að styrkja sjálfsvitund barnanna og leiðbeina þeim um hvernig best sé að eiga heilbrigð samskipti hvert við annað, setja mörk í samskiptum, vera sjálfum okkur samkvæm auk þess að iðka þakklæti, æfa okkur í háttvísi og kurteisi. Við erum að læra að bera ábyrgð á gjörðum okkar og koma vel fram við hvert annað – viðurkenna mistök og jafnvel biðjast afsökunar ef við förum fram úr okkur. Félagsfærni og samkennd eru tveir þættir sem við viljum rækta með börnunum á Tjarnarborg en þessir þættir er mikilvægt veganesti fyrir okkur inn í framtíðina.

Næsta skref er að undirstrika styrkleika hvers og eins barns og rækta þá enn frekar. Foreldrar gætu komið með ábendingar um styrkleika barna sinna auk þess sem við í leikskólanum gætum tínt til það sem okkur finnst einkenna börnin. Mikilvægt er að börnin þekki sína eigin styrkleika og viti að allir hafi ákveðna hæfileika eða færni. Þessi samvinna gæti svo endað í ferilmöppu barnanna.

Við höfum verið að nýta okkur bækur frá Hugarperlubækurnar frá Oran, t.d. Ég er stoltur af mér, Ég hef trú á sjálfri mér og fleiri bækur. Eins er heimasíða þeirra uppfyll af námsefni, tilfinningatáknum sem við höfum hengt upp á vegg deildarinnar og börnin skoða mikið. Við höfum tekið æfingar eins og





hrósæfingar þar sem börnin fengu heimaverkefni sem sneri að því að hrósa systkinum, foreldrum eða öðrum fjölskyldumeðlimum. Við sátum einnig fyrir framan spegil og hrósuðum sjálfum okkur.

Tækifæri til úrbóta ; Við tókum hlé á Lubba núna í sumar (júní/júlí) en hann kemur aftur sterkur til leiks í ágúst. Hjá skólahóp bar á töluverðum Lubba leiða í vor en okkur langar að útfæra verkefnið sérstaklega fyrir skólahópinn svo að börnin upplifi ekki sífellda endurtekningu. Markmiðið er að geta miðlað efninu á nýstárlegan hátt þannig að börnin haldi áfram að efla málþroska og hljóðkerfisvitund.

Við skiptum börnunum í tvo hópa eftir árgangi og leggjum þá áherslu á að skólahópurinn geti unnið með efnið ólíkt því sem áður hefur verið gert. Við förum í bókina og lesum söguna og syngjum viðeigandi lag sem fylgir máhljóði vikunnar.

Við ræddum um að það hefur gefið góða raun að handleika leikföng eða hluti sem notaðir eru í málörvun í stað þess að notast eingöngu við myndir (oft prentaðar) eða mynd skreytingar í bókum.

Okkur datt í hug að útnefna einn Lubba umsjónarmann í viku hverri en foreldra fengju þá lista yfir haustmánuðina og gæti séð í upphafi skólaárs hvenær barnið þeirra er með Lubba umsjón og hvaða máhljód það sæi um. Þá gæti barnið haft með sér hlut, t.d. klemmu, gaffal eða úðabrusa (allt eftir því hvaða máhljód er um að ræða) og sýnt okkur hinum í Lubba stundinni og látið þann hlut ganga og börnin fengið að handleika hann. Hluturinn sem þau kæmu með væri þá orð vikunnar. Börnin í skólahóp fengju þá öll að sinna Lubba stundunum og bæru þannig ábyrgð á að kynna hvert máhljód ásamt tilheyrandi hlut (með hjálp starfsmanna). Þannig myndum við vonandi tryggja meiri þátttöku og áhuga af hálfu barnanna. Ef ske kynni að foreldrar myndu gleyma að koma með hlut þá værum við ekki lengi að finna einhvern hlut á deildinni sem barnið gæti notað og við myndum gera það í samvinnu með barninu. Þarna myndum við slá tvær flugur í einu höggi; gefa barninu hlutverk og ábyrgð ásamt því að eiga snerti flöt við heimili barnsins í gegnum foreldrasamstarf.

Handverk:

Við viljum efla handverk og þrívíddarsköpun þegar kemur að myndlist. Kennarar á deildinni hafa unnið mikið með jarðleir, eins er mikill áhugi á að vefa með börnunum. Okkur langar að brenna leir reglulega og nýta aðstöðuna á Barónsborg þar sem leirbrennsluofn er staðsettur. Við viljum samþætta hug og hönd og styðja við þjálfun í fínhyrningu, samhæfingu handa og því að ná tökum á nýjum aðferðum þegar kemur að sköpun og hugmyndavinnu.

Ígrundun: **Tækifæri til úrbóta**. Eftir vettvangsferðir þurfum við að gefa okkur tíma til þess að vinna úr vettvangsferðunum og upplifun barnanna. Þetta gerum við t.d. með því að skoða ljósmyndir úr ferðunum, teikna á meðan við ræðum um upplifun okkar o.s.frv. Við viljum styðja við umræður – æfa okkur að tjá okkur, skipuleggja hugsun okkar og segja frá.





Að sama skapi viljum við læra að ígrunda myndverk, málverk, skúlpútra; myndlist með börnunum. Svanhildur, Súsanna og Rós fóru á námskeið hjá Listasafni Íslands í myndlæsi í maí en þar lærðu þær að tileinka sér tækni til að spyrja nemendur út í myndlist (þrjár lykilsurningar) en með þessari aðferð læra nemendur að setja fram fullyrðingar og færa rök fyrir máli sínu auk þess sem myndlæsi eykur hugtakaskilning.

7 Umbótaráætlun

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt? Útfæra Lubba verkefni fyrir skólahópinn. Finna leiðir til þess að vera með meira krefjandi verkefni svo að þeim leiðist ekki Lubba stundir.	Hvernig framkvæmum við það? Fá börn til þess að hafa umsjón með Lubbamál hljóði vikunnar og koma með hlut til þess að segja frá = Orð vikunnar og hlutur vikunnar.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Deildar -stjóri og starfsfólk	Haut '25	Vor '26	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum). Endurmat að vori	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Huglæg t mat á deildarfundum Hljóm – próf
	Hlutverkaleiku rinn er sterkur	Halda áfram að	Deildar -stjóri	'25	'26	Endurmat að vori	Huglæg t mat á





	en við viljum standa vörð um hann. Við viljum passa að börnin fái tíma, rými og næði til þess að þróa hann áfram. Við viljum að hann haldi áfram að blómstra í takt við hæglætið sem einkennir skólasterfið á Tjörn.	bjóða upp á valstundir á morgnana . Gefa börnum tækifæri á að fara niður í sal eða í hlutverka krók áður en samvera hefst. Skipta hópnum á milli hæða svo börnin fái sem best notið sín.	og starfsfólk				deildarfundum
--	--	--	---------------	--	--	--	---------------





	Sjálfsefning: Við viljum styrkja sjálfsmynd barnanna og leiðbeina þeim um hvernig best sé að eiga heilbrigð samskipti hvert við annað, setja mörk í samskiptum, vera sjálfum okkur samkvæm auk þess að iðka þakklæti, æfa okkur í háttvísi og kurteisi. Við erum að læra að bera ábyrgð á gjörðum okkar og koma vel fram við hvert annað.	Í öllu daglegu starfi með börnunum – við matarborðið, í fataklefa, í röð á klósettið, í frjálsum leik o.s.frv. en einnig í skipulögðum sjálfseflin garstundum þar sem við notumst við bækur sem fjalla um félagsleg samskipti, tilfinningar o.s.frv.	Deildar -stjóri og starfsfólk	'25	'26	Endurmat að vori	Huglæg t mat á deildarfundum – Hljóm - próf
--	--	--	-------------------------------	-----	-----	------------------	---





	Handverk: Við viljum efla handverk og þrívíddarsköpun þegar kemur að myndlist. Við viljum samþætta hug og hönd og styðja við þjálfun í fínhyfingu, samhyfingu handa og því að ná tökum á nýjum aðferðum þegar kemur að sköpun og hugmyndavinnu.	Starkaður heldur áfram að nota jarðleirinn í myndlist með börnunum, Embla og Súsanna ætla að vefa með börnunum.	Deildar -stjóri og starfsfólk	'25	'26	Endurmat að vori	Huglæg t mat á deildarfundum
	Í grundun: Eftir vettvangsferðir þurfum við að gefa okkur tíma til þess að vinna úr vettvangsferðunum og upplifun	Við munum setjast niður eftir vettvangsferðina, sama dag eða daginn eftir, og	Deildar -stjóri og starfsfólk	'25	'26	Endurmat að vori	Huglæg t mat á deildarfundum





	barnanna í gegnum umræður þar sem við æfum okkur að tjá okkur, skipuleggja hugsun okkar og segja frá. Að sama skapi viljum við læra að ígrunda myndverk, málverk, skúltúra; myndlist með börnunum og styðja við myndlæsi og að börnin læri að færa rök fyrir máli sínu.	ræða það sem við upplifðu m og rifja upp hvað við sáum, heyrðum og gerðum. Myndlæsi færir fram í skipulögðum stundum þar sem við tækjum fyrir t.d. þau verk sem fram koma í kennslubókinni: Sjónarafl: Þjálfun í myndlæsi.					
--	--	---	--	--	--	--	--





Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

- Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2025-2026
 - Námsferð haustið 2025 – 2. til 5. október
 - Markmið og tilgangur námsferðar til Hollands- Teacher Training Courses > Europass Teacher Academy Myndlist og sjálfbærni er stór hluti af starfi okkar í Tjörn. Nýting á verðlausu efni hefur alltaf verið hluti af leiknum og við viljum finna möguleika í sem flestu til skapandi starfs með börnunum eins og okkur ber að gera samkvæmt námskrá. Náttúran hefur gjarnan verið uppspretta, innblástur fyrir kennara og börn. Markmið með þessari ferð er að fá fræðilega kennslu sem og verklega sem dýpkar okkur enn frekar sem manneskjur og kennara og mun nýtast vel í starfi með börnunum í Tjörn. Á námskeiðinu fá þátttakendur fræðilega kennslu í sjálfbærni og myndlist og taka þátt í verklegri kennslu bæði úti kennsla og inni.
 - Skyndihjálpar námskeið fyrir allt starfsfólk skólans
 - Í vetur verða sex kennarar í námi. Viðkomandi nemar/starfsmenn munu halda stutta fyrirlestra fyrir starfsmannahópinn, í ljósi þess að námið er klæðskera saumað okkar starfi.
 - Áætlaður fyrirlestur um jafnrétti frá Jafnréttisstofu Reykjavíkur.
 - Starfsþróunarsamtöl hefjast 28. Ágúst og þeim lýkur 15. September – Eftir áramótin verða svokölluð örsamtöl í mars - apríl
-
- Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um Samstarf á milli skólastiga;
 - Heimsóknir í Vesturbæjarskóla;

Þann 9. október / Skólinn skoðaður; börnin fá leiðsögn um skólann

Þann 8. janúar / Sögustund og lestrarstund á bókasafni, í litlum hópum

Þann 20. mars / Í vali með 1.bekk

Þann 8. maí / Samsöngur í sal.

Heimsóknir í Frístund – Skýjaborgir – 4. nóvember – Heimsókn

3. mars og maí 2026.





8 Foreldrasamvinna.

Stjórn foreldrafélagsins hefur staðið fyrir mörgum spennandi viðburðum undanfarinn vetur/sumar og samstarfið gengið mjög vel. Foreldraráð hefur fundað og farið yfir skjöl er við á. Við þökkum fyrir frábært samstarf með foreldrum.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Námsferð – 2025 - 2. og 3. október – 10. nóvember – 2026 - 2. janúar – 6. febrúar og 4. maí

10 Fylgiskjöl

F. h. leikskólans

Hulda Ásgeirsdóttir

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Tjörn

Umsögn foreldraráðs

Þetta lítur allt vel út og áhugavert skólaár fram undan sem endranær. Það er gaman og mikilvægt að lesa og sjá hversu opin og vakandi þið eruð gagnvart umbótum.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Björgvin Agnarson
Berglind Ólafsdóttir
Hulda Ásgeirsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs; Já

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg ; Já

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra ; Já

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina; Já

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Björgvin Agnarsson

Berglind Ólafsdóttir





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Tjörn

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F		1 M		1 M		1 L		1 M	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M	Skráningardagar	1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 M	
2 L		2 Þ		2 F	Starfsdagur	2 S		2 Þ		2 F	Starfsdagur	2 M		2 M		2 F	Skírdagur	2 L		2 Þ		2 F	
3 S		3 M		3 F	Starfsdagur	3 M		3 M	Skreytingakvöld foreldra	3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M		3 F	
4 M	Frídagur verslunarmarkaðs	4 F		4 L		4 Þ		4 F	Foreldrakaffi	4 S		4 M		4 M		4 L		4 M	Starfsdagur	4 F	Útskrift Öldukot	4 L	
5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 F		5 M		5 F		5 F		5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F	Útskrift Tjarnarborg	5 S	
6 M		6 L		6 M		6 F		6 L		6 Þ	Þrettándinn	6 F	Starfsdagur Dagur leikskólans	6 F		6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L		6 M	
7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 L	Dagur tónlistarskólans	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sjómanna dagurinn	7 Þ	
8 F		8 M	Dagur læsis	8 M	Upplýsingafundur foreldra Tjörn	8 L	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 F		8 S		8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	Sumarlökun
9 L		9 Þ		9 F	Upplýsingafundur foreldra Lækur	9 S		9 Þ		9 F		9 M		9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	
# S		# M		# F		# M	Starfsdagur	# M		# L		# Þ		# Þ		# F		# S		# M	Skólasílit grunnskóla	10 F	
# M		# F		# L		# Þ		# F		# S		# M	Dagur íslenska táknmálsins	# M		# L		# M		# F	Útskriftarferð í Viðey	11 L	
# Þ		# F		# S		# M		# F		# M		# F		# F		# S		# Þ		# F		12 S	
# M		# L		# M		# F		# L		# Þ		# F	Kosningadagur barna	# F		# M		# M		# L		13 M	
# F		# S		# Þ	Upplýsingafundur foreldra Melhús	# F		# S		# M		# L		# L	Dagur stærðfræðinnar	# Þ		# F	Upptögnardagur	# S		14 Þ	
# F		# M		# M		# L		# M		# F		# S		# S		# M		# F		# M		15 M	
# L		# Þ	Dagur íslenskrar náttúru	# F	Upplýsingafundur foreldra Miðhús	# S	Dagur íslenskrar tungu	# Þ		# F		# M	Bolludagur	# M		# F	Foreldrakaffi	# L		# Þ		16 F	
# S		# M		# F		# M		# M		# L		# Þ	Sprengidagur	# Þ		# F		# S		# M	Lyðveldisdagurinn	17 F	
# M		# F		# L		# Þ		# F		# S		# M	Öskudagur	# M		# L		# M	Kosningadagur barna (nónhressing)	# F		18 L	
# Þ		# F		# S		# M		# F		# M		# F	Skráningardagar	# F		# S		# Þ		# F		19 S	
# M		# L		# M		# F	Dagur mannréttinda	# L		# Þ		# F	Skráningardagar	# F		# M		# M		# L		20 M	
# F		# S		# Þ		# F		# S		# M		# L		# L		# Þ		# F		# S		21 Þ	
# F	Skóasetning grunnskóla	# M		# M		# L		# M		# F		# S	Konudagur - upphafsdagur	# S		# M		# F	Umhverfis dagur	# M		22 M	
# L		# Þ		# F	Kosningadagur barna	# S		# Þ	Þorláksmessa	# F	Bóndadagur - ömmu og afakaffi	# M		# M		# F	Sumardagurinn fyrsti	# L		# Þ		23 F	
# S		# M		# F	Skráningardagur	# M		# M	Aðfangadagur jóla	# L		# Þ		# Þ		# F		# S	Hvítasunnudagur	# M		24 F	
# M		# F		# L	Fyrsti vetrardagur	# Þ		# F	Jóladagur	# S		# M		# M		# L		# M	Annar í Hvítasunnu	# F		25 L	
# Þ		# F	Evrópski tungumáladagurinn	# S		# M		# F	Annar í jólum	# M		# F		# F		# S		# Þ		# F		26 S	
# M		# L		# M	Skráningardagur	# F		# L		# Þ		# F		# F		# M		# M		# L		27 M	
# F		# S		# Þ	Skráningardagur	# F		# S		# M		# L		# L		# Þ		# F		# S		28 Þ	
# F		# M		# M		# L		# M	Skráningardagur	# F				# S	Pálmasunnudagur	# M		# F		# M		29 M	
# L		# Þ		# F		# S		# Þ	Skráningardagur	# F				# M	Skráningardagur	# F		# L		# Þ		30 F	
# S				# F				# M	Gamlársdagur	# L				# Þ	Skráningardagur			# S				31 F	

Í reglum um leikskólalápnústu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.